

## Niðurstöður samræmdra lokaprófa í grunnskólum vorið 2007

Samræmd lokapróf í grunnskólum voru haldin dagana 2. til 9. maí sl. Alls eru 4.465 nemendur skráðir í 10. bekk skólaárið 2006-2007. Samkvæmt reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í 10. bekk í grunnskólum gefst nemendum kostur á að þreyta samræmd lokapróf í a.m.k. sex námsgreinum. Eins og undanfarin ár voru haldin samræmd próf í íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, náttúrufræði og samfélagsgreinum auk norsku og sænsku.

Alls sóttu 744 nemendur um frávik af einhverju tagi, flestir vegna lestrarerfiðleika. Um 140 nemendur þreyttu sjúkrapróf.

Meðaltöl einkunna á landinu öllu eru hærri í ár en á síðasta ári í stærðfræði, ensku og dönsku en örlítið lægri í íslensku. Ekki er unnt að bera saman meðaltöl milli ára í náttúrufræði og samfélagsfræði vegna þess að hlutfall nemenda sem þreyta þessi próf eru ólík milli ára eftir skólum og landshlutum.

Í töflu 1 má sjá niðurstöður í einstökum námsgreinum eftir landshlutum og á landsvísu og í töflu 2 kemur fram fjöldi nemenda í 8., 9. og 10. bekk sem þreyttu samræmd lokapróf vorið 2007. 46 nemendur þreyttu próf í sænsku og 58 í norsku.

Nánari upplýsingar um niðurstöður samræmdra prófa er að finna á vef Námsmatsstofnunar: [www.namsmat.is](http://www.namsmat.is)

Tafla 1. Samræmdar einkunnir 2007 á kvarðanum 1-10

Meðaltal eftir landshlutum í samræmdum prófum í 10. bekk						
	Íslenska	Stærðfr.	Enska	Danska*	Náttúrufr.	Samfélagsgr.
Reykjavík	6,5	6,2	7,2	6,8	6,7	5,9
Suðvesturkjördæmi	6,6	6,6	7,3	6,9	6,6	5,9
Norðvesturkjördæmi	6,2	5,6	6,6	6,2	5,4	5,3
Norðausturkjördæmi	6,4	5,9	7,0	6,7	6,0	5,3
Suðurkjördæmi	5,9	5,2	6,6	6,1	5,4	5,1
<b>Landið allt</b>	<b>6,4</b>	<b>6,0</b>	<b>7,1</b>	<b>6,6</b>	<b>6,2</b>	<b>5,6</b>

\*Nemendur sem tóku samræmt próf í norsku eða sænsku í stað dönsku eru ekki reiknaðir inn í meðaltal.

Tafla 2. Fjöldi nemenda sem þreytti samræmd próf vorið 2007 eftir árgöngum

	Fjöldi sem þreytir próf	8. bekkur		9. bekkur		10. bekkur	
		Fjöldi nemenda	Hlutfall	Fjöldi nemenda	Hlutfall	Fjöldi nemenda	Hlutfall
Íslenska	4.325	1	0,0	153	3,4	4.171	93,4
Stærðfræði	4.380	7	0,2	310	6,9	4.063	91,0
Enska	4.632	50	1,1	673	14,9	3.909	87,5
Danska	3.461	36	0,8	214	4,8	3.211	71,9
Náttúrufræði	2.358	0	0,0	62	1,4	2.296	51,4
Samfélagsgreinar	1.773	0	0,0	27	0,6	1.746	39,1
<b>Stærð árgangs</b>		<b>4.640</b>		<b>4.502</b>		<b>4.465</b>	

Heimild: Námsmatsstofnun 2007

### Opnun menningarhússins á Ísafirði

[Edinborgarhúsið](#) á Ísafirði var formlega opnað eftir gagngerar endurbætur sunnudaginn 3. júní 2007. Árið 1999 ákvað ríkisstjórnin að standa að byggingu eða endurbótum fimm menningarhúsa um landið í samvinnu við sveitarfélög á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri, Egilsstöðum og Vestmannaeyjum. Á Ísafirði var tekin ákvörðun um að endurbyggja eða endurnýja eldri hús, Edinborgarhúsið, Gamla sjúkrahúsið og tónleikasal í húsi Tónlistarfélagssins á Ísafirði til að þjóna þeim tilgangi að verða menningarhús framtíðarinnar. Edinborgarhúsið er fyrsta menningarhúsið sem tekið er í notkun af þeim stöðum sem ríkisstjórnin ákvað á sínum tíma.

Edinborgarhúsið var byggt árið 1907 fyrir Edinborgarverslunina en hefur lengst af verið pakk- og frystihús. Síðastliðin 15 ár hefur þar verið rekinn listaskóli Rögnvalds Ólafssonar. Menningarhúsinu er í

framtíðinni ætlað að verða miðstöð menningar á Vestfjörðum, en þar er einnig rekið veitingahús, auk þess sem húsið mun hýsa Upplýsingamiðstöð ferðamála.

### Úthlutanir úr Þróunarsjóðum leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla fyrir skólaárið 2007-2008

Að tillögu úthlutunar- og ráðgjafarnefnda Þróunarsjóða leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla ákvað menntamálaráðherra nýverið að veita styrki alls að upphæð 56 millj. kr. til ýmissa þróunar- og nýbreytniverkefna á þessum skólastigum.

Á grundvelli [samkomulags](#) menntamálaráðherra og Kennarasambands Íslands um betra skólastarf ákvað menntamálaráðherra að auka framlög í þróunarsjóðina í tengslum við úthlutun þessa árs um samtals 14 millj. kr. Framlög á fjárlögum til þessara sjóða hafa hingað til

verið alls um 32 millj. kr. og er því hér um talsverða hækkun að ræða til eflingar þróunarstarfs í skólum.

Umsóknir í Þróunarsjóð leikskóla voru í ár samtals 31 og hlaut hæsta styrkinn að þessu sinni [Leikskólinn Furugrund](#) í Kópavogi vegna verkefnisins *Dalurinn okkar - Fossvogur*, 600 þús. kr. Í Þróunarsjóð grunnskóla voru umsóknir samtals 81 og hlaut hæsta styrk [Borgarbyggð](#) 1,5 millj. kr. í verkefnið *Borgarfjarðarbrúin*, samfella grunn- og framhaldsskóla og innleiðing nýrrar námskrár. Í Þróunarsjóð framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu bárust 70 umsóknir um styrki og hlaut [Alþjóðahús](#) hæsta styrkinn, kr. 1,5 millj. vegna verkefnisins *Íslenskubráttin*.

Nánari upplýsingar um úthlutun þessara sjóða er að finna á [vef ráðuneytisins](#). Einnig eru upplýsingar á vef Símenntun, Rannsóknir, Ráðgjöf – Kennaraháskóla Íslands, [srr.khi.is](#), sem annast umsýslu [Þróunarsjóða leik- og grunnskóla](#).

